

Lög Félag stjórnenda í framhaldsskólum

samþykkt á aðalfundi 3. júní 2016

1. gr. Nafn

Félagið heitir Félag stjórnenda í framhaldsskólum og á aðild að Kennarasambandi Íslands. Félagssvæðið er allt landið. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Hlutverk

Hlutverk félagsins er að:

- Vera málsvari félagsmanna.
- Gera kjarasamninga fyrir félagið.
- Halda fundi og námskeið.
- Efla faglega umræðu meðal félagsmanna.
- Sjá um kjör fulltrúa á þing Kennarasambands Íslands.
- Skipa í stjórnir sjóða og nefndir KÍ í samræmi við lög KÍ.

3. gr. Aðild

Rétt til að gerast félagar hafa aðstoðarskólameistarar, konrektorar, staðgenglar skólameistara/ rektors, áfangastjórar og aðrir sem eru í a.m.k. hálfri stöðu sem stjórnendur í framhaldsskólum. Stjórn félagsins veitir mönnum inngöngu í félagið.

4. gr. Aðalfundur

Aðalfundur Félags stjórnenda í framhaldsskólum skal haldinn einu sinni á ári og hefur æðsta vald í málum félagsins, sbr. þó 10. gr. Á aðalfundi eiga allir félagsmenn sæti með atkvæðisrétt. Til aðalfundar skal boða með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund. Kosning til stjórnar skal vera skrifleg ef fleiri eru í framboði en embætti segja til um. Aðalfundargögn skulu send út með minnst tveggja vikna fyrirvara. Stjórn félagsins skal senda félagsmönnum fundargerð aðalfundar svo fljótt sem auðið er. Jafnframt skal stjórn senda félagsmönnum upplýsingar um helstu viðfangsefni félagsins milli aðalfunda. Ef ástæða er til má boða til aukaaðalfundar og þá með sama fyrirvara og sömu dagskrá.

5. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningar félagsins.
3. Ársreikningar Vísindasjóðs FF/FS.
4. Kosning nýrrar stjórnar og varamanna.
5. Kosning aðal- og varafulltrúa FS í stjórn Vísindasjóðs FF/FS.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
7. Kosning í framboðsnefnd og í önnur trúnaðarstörf sem aðalfundur ákveður.
8. Kosning fulltrúa á þing Kennarasambands Íslands. Heimilt er að vísa kosningum til stjórnar.
9. Lagabreytingar.
10. Önnur mál.

Lög Félag stjórnenda í framhaldsskólum

samþykkt á aðalfundi 3. júní 2016

6. gr. Almennir félagsfundir

Stjórn félagsins getur boðað til almennra félagsfunda. Skylt er henni að boða til almenns félagsfundar ef 10% félagsmanna eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

7. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa formaður auk fjögurra stjórnarmanna. Stjórn er kjörin á aðalfundi félagsins. Formaður er kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn saman og skipta þeir með sér verkum. Stjórnin heldur stjórnarfundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður félagsins situr í stjórn Kennarasambands Íslands en varaformaður er staðgengill hans í forföllum. Stjórnin er jafnframt samninganefnd félagsins. Formaður skal vera í 100% starfi sem stjórnandi.

8. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda og fylgir eftir samþykktum þess. Í því felst m.a. að:

- Ganga frá kröfugerð.
- Annast gerð kjarasamnings.
- Taka ákvörðun um hvort efna skuli til atkvæðagreiðslu um verkfall.
- Taka ákvörðun um hvort undirrita eigi kjarasamning með fyrirvara um samþykki félagsmanna og um hvort fresta skuli verkfalli.
- Fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við skólamálaráð KÍ.
- Vinna að eflingu endurmenntunar félagsmanna.
- Annast tengsl við fagfélög og aðrar uppeldisstéttir.
- Skipa tvo fulltrúa í stjórn SMÍ.
- Skipa í stjórnir sjóða og nefndir KÍ í samræmi við lög KÍ.

9. gr. Stjórn Vísindasjóðs FF og FS

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs FF og FS og annan til vara.

Vísindasjóður FF og FS er sameiginlegur sjóður félagsmanna Félags framhaldsskólakennara og félagsmanna Félags stjórnenda í framhaldsskólum og er tilgangur hans að stuðla að símenntun þeirra.

Fjárframlög til sjóðsins eru kjarasamningsbundin iðgjöld vinnuveitenda af launum félagsmanna.

Sjóðsstjórn er skipuð fulltrúum FF og FS sem skipta með sér verkum.

Hlutverk sjóðsstjórnar er að hafa umsjón með fjármunum sjóðsins.

Sjóðsstjórn setur reglur (verklagsreglur) fyrir starfsemi sjóðsins ásamt því að setja sjóðnum úthlutunarreglur, endurskoða þær og afgreiða styrki til félagsmanna skv. þeim úthlutunarreglum sem gilda hverju sinni.

Reglur (verklags- og úthlutunarreglur) sjóðsins skal bera undir stjórnir FF og FS til samþykktar.

Lög Félag stjórnenda í framhaldsskólum

samþykkt á aðalfundi 3. júní 2016

10. gr. Um fundargerðir

Ritari félagsins heldur gerðabækur og fundargerðir skulu samþykktar á stjórnarfundum og undirritaðar af ritara og formanni.

11. gr. Fjárreiður og bókhald

Þing Kennarasambandsins ákveður rekstrarfé aðildarféлага sinna. Gjaldkeri félagsins hefur umsjón með fjárreiðum þess og bókfærslu og leggur fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi.

12. gr. Framboðsnefnd

Á aðalfundi félagsins skal kjósa þriggja manna framboðsnefnd. Hlutverk hennar er að leggja fram tillögur um frambjóðendur til kjörs formanns, meðstjórnenda, skoðunarmanna reikninga og til annarra trúnaðarstarfa sem aðalfundur ákveður. Áður en nefndin leggur fram tillögur um frambjóðendur skal hafa samráð við viðkomandi einstaklinga. Við val frambjóðenda í trúnaðarstörf á vegum félagsins skal tryggja jafnræði. Framboðsnefnd skal hafa samráð við sitjandi stjórn.

13. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjarasamning o.fl.

Um kjarasamninga og boðun verkfalls skal fara fram leynileg, skrifleg allsherjar atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna, skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Kjörskrá skal miða við félagatal í þeim mánuði sem atkvæðagreiðsla fer fram. Stjórn félagsins getur efnt til allsherjaratkvæðagreiðslu um önnur mikilvæg málefni sem eigi falla sérstaklega undir aðalfund.

14. gr. Fagfélag

Á vegum FS skal starfrækja sérstaka deild: fagfélag stjórnenda í framhaldsskólum. Hlutverk hennar er að stuðla að starfsþróun félagsmanna. Setja skal deildinni sérstakar reglur.

15. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi félagsins enda hafi tillögur um breytingar verið kynntar í formlegu fundarboði. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn þremur vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar félagsmönnum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Tillögur sem fram koma á aðalfundi og eru um breytingar á auglýstum lagabreytingum skulu vera skriflegar. Til þess að breyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Breytingar á lögum koma fyrst til framkvæmda er stjórn Kennarasambandsins hefur staðfest þær.

16. gr. Félagsslit

Ef leysa á félagið upp skal bera tillögu þess efnis upp á aðalfundi félagsins, eða aukaáðalfundi og skal auglýsa það með tryggilegum hætti eins og um lagabreytingu sé að ræða. Eignum félagsins skal ráðstafa á sama fundi. Til þess að slík tillaga teljist samþykkt þurfa minnst 2/3 fundarmanna að greiða henni atkvæði sitt.

Samþykkt á aðalfundi 3. júní 2016.
